

lýsið það, að styrkur sá, sem um var sótt til að gefa út nýja jarðabók, ekki getur orðið veittur, og að óskin um, að jarðamatsbækurnar og önnur skjöl, er jarðamatið snerta, verði sent til Íslands til að geymast við skjalasafn alþingis, ekki verður til greina tekin fyrst og fremst fyrir þá sök, að optlega þarf á þeim að halda við þau mál, er borin eru undir úrlausn dómsmálastjórnarinnar.

1864.
12. marz.

21. Lög, um eptirlaunaviðbót handa Gísla kansallíráði Hjálmarssyni, fyrrum héraðslækni í austurhéraðinu í norður- og austurumdæminu á Íslandi.

12. marz.

(Frumvarp til laga þessara var lagt fyrir ríkisþingið og samþykkt af þinginu óbreytt, en ástæðurnar fyrir því eru þannig hljóðandi:

Gíslí kansallíráð Hjálmarsson, fyrrum héraðslæknir í austurhéraðinu í norður- og austurumdæminu á Íslandi, hefir sent dómsmálastjórninni bannarskrá um, að eptirlaun þau, er hann fær úr ríkissjóði, og sem eru að upphæð 388 rd. 38 sk. á ári, verði hækkuð svo, að þau verði jafnhá embættislaunum þeim, er hann hafði þá er hann var héraðslæknir, en það voru 600 rd.

Gíslí Hjálmarsson kansallíráð hefir nú sex um fimmtugt, og var honum veitt fyrgreint embætti árið 1815, eptir að hann hafði aflokið embættisprófi við háskólann með beztu einkunn. Læknishérað þetta, er nær yfir allan austurfjórðung landsins eður Norðurmúlasýslu og Suðurmúlasýslu í norður- og austurumdæminu og Austurskaptafellssýslu í suðurumdæminu, er hið örðugasta læknisembætti á Íslandi, bæði sökum þess, hve víðátta þess er mikil, og vegna þess, hve vegir þar eru torfærir, og hversu fjöllin í þeim landsfjórðungi, sem eru bæði mörg og brött, eru afarill yfirferðar, jafnvel eptir því, sem gjöra er á Íslandi. Þareð hann smátt og smátt varð yfirkominn af svo miklum heilsulasleik, að hann um síðir varð ófær til að gegna embættisverkum sínum, neyddist hann til að sækja um lausn frá embættinu, og var honum veitt hún með konungsúrskurði 22. marzm. 1860. Tekjur hans, sem komu til greina þá er ákveðin voru eptirlaunin, voru aðeins 776 rd. 77 sk., en það voru þau hin föstu embættislaun, er embættinu fylgdu, 600 rd., og óvissar tekjur að upphæð 176 rd. 77 sk., og voru því eptirlaun hans samkvæmt reglunum í eptirlaunalögum 5 janúarm. 1851 (smbr.

1864.
12. marz.

tilsk. 31. d. maim. 1855) ákveðin til 388 rd. 38 sk., svo sem áður er sagt.

Bænarskrá sína um eptirlaunahækkunina hefir Hjálmarsson einkum byggt á því, að eptirlaun þau, er hann hefir, og sem hann verður að láta 65 rd. af á ári í nafnbótarskatt og í tillag til ekkjusjóðs, séu öldungis ónóg til framfærslu sér og sínum, að hann sökum hinna sífelldu erfðleika, er hann átti við að stríða í embættisþjónustu sinni, hafi gjörsamlega mist heilsuna og geti eigi á sínum aldri við því búizt að ná henni aptur, og að hann þess vegna ekki geti unnið sér neitt inn með lækningum. Stiptamtmaðurinn á Íslandi og landlæknirinn þar hafa innilega mælt fram með bænarskránni; hafa þeir sagt satt vera það, sem beiðandinn hafði tekið fram um það, hve mikil þörf hans sé til að fá bót á kjörum sínum, hafi hann og sýnt svo framúrskarandi dugnað í embættisstöðu sinni, að hann megi álitast einn af hinum duglegustu læknum, sem Ísland nokkurntíma hafi átt; landlæknirinn hefir og lýst því yfir, að það sé öldungis vafalaust, að hann einmitt með því að gegna embættisverkum sínum hafi bakað sér sjúkdóm þann, er neyddi hann til að sækja um lausn frá embætti sínu, með því hin sífelldu og erfðu ferðalög og áreynsla sú, er þeim hafi verið samfara, hafi með öllu þreytt krapta hans og gjört útaf við heilsu hans.

Eptir öllum þeim skýrslum, sem fyrir hendi eru, hefir virzt vera ástæða til að reyna að útvega honum slíka viðbót við eptirlaun sín, að honum gæti orðið borgið svo að hann eigi líði neyð. Fjárstjórnarráðið, sem skrifast hefir verið á við um þetta efni, hefir og verið á sama máli, og hefir það getið þess, að vegna annara áþekkra tilfella, er kynnu fyrir að koma, væri ísjárvert að fara fram á svo háa eptirlaunaviðbót, sem um er sótt, og mundi því réttast að leitast við að fá viðbótina ákveðna með jöfnum tölum til 150 rd. Dómsmálastjórnin hefir að sínu leyti fallizt á þetta og stungið upp á, að hlutadeiganda væri frá 1. aprílm 1864 veitt eptirlaunaviðbót svo há, sem nú var sagt; yrðu þá öll eptirlaunin 538 rd. 38 sk., eður rífliga tveir þriðjungar af embættistekjum þeim, sem til greina koma við eptirlaunareikninginn, en eptir embættisþjónustu Gísla kansalliráðs Hjálmarssonar bar honum aðeins helmingur af tekjum þessum í eptirlaun).

Vér Kristján hinn Níundi, o. s. frv., gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi, og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

Eptirlaun þau, sem Gísli kansalliráð Hjálmarsson, fyrrum héraðslæknir í austurhéraðinu í norður- og austurumdæminu á

Íslandi, fær úr ríkissjóðnum, og sem eru 388 rd. 38 sk. ríkismyntar á ári, skulu hækkuð um 150 rd. ríkismyntar frá 1. 1864.
12. marz.
degi aprílmánaðar 1864.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn,
12. dag marzmán. 1864.

**22. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir
nordur- og austurumdæminu, um laun handa lög-
regluþjóni á Akureyri.** 21. marz.

Útaf því, er þér, herra amtmáður, í bréfi 6. októberm. f. á.
stingið upp á, að útvegað verði úr ríkissjóðnum fè, 150 rd. á
ári, til þess að launa með því lögregluþjóni í kaupstaðnum
Akureyri, þá skal yður til vitundar gefið, eptir að búið er að
skrifazt á um málið við fjárstjórnina, yður til leiðbeiningar, að
dómsmálastjórnin ekki sèr sèr fært að útvega úr ríkissjóðnum
nökkurt fjártillag í þeim tilgangi, sem hær er um rætt.

**23. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins
yfir Íslandi, um breyting á verzlunarvöginni.¹** 21. marz.

Í lögum 19. febrúarm. 1861 um breyting á verzlunar-
vöginni í konungsríkinu Danmörku, var fyrirskipuð tugaskipting
á vogarlóðunum, og skyldi pundið vera eining, en í 4. grein
laganna var leyft, að til bráðabirgða mætti löggilda lóð, sem væru
að þyngd $\frac{1}{4}$, $\frac{1}{8}$, $\frac{1}{16}$ og $\frac{1}{32}$ úr pundi. En nú er leyfi þetta
numið úr gildi með konungsúrskurði 3. júnímán. f. á.²

¹) Sama dag voru hinum amtmönnunum á Íslandi skrifuð bréf sama
efnis.

²) Lögin frá 19. febrúar 1861 eru prentuð í alþingistíðindunum fyrir
1863, I. 151 bls., og skulu hær til frekari skýringar þessu máli
settar 4 fyrstu greinir laganna: 1. grein. Frumeining hinnar ál-
mennu verzlunarvogar er eitt pund, sem er eins og hingaðtil 500
frönsk grömm. 2. grein. 100 pund gjöra eitt centner. 3.
grein. Pundið skiptist í 100 kvint, hvert kvint í 10 ort, minni